



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2022

## ÍSAN1BB05

Íslenska sem annað mál - taláfangi

Kennari:	<b>Sigprúður Harðardóttir</b>
----------	-------------------------------

### Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður nemendum sem lokið hafa einni önn í íslensku sem öðru máli eða hafa grunnþekkingu sem metin er jafngild einni námsönn. Markmiðið er að ná góðu valdi á framburði og hrynjandi í íslensku máli, að skilja stutta einfalda texta, að læra að beygja algeng sagnorð og auka orðaforða. Lesin verður einföld saga þar sem unnið er með framburð, lesskilning og málfræði.

**Undanfari:** ÍSAN1AA05

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem er nauðsynlegur til að ná markmiðum áfangans og hæfniviðmiðum þrepsins
- réttum framburði, áherslum og hrynjandi
- mismunandi tjáningarmáta málsins

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita orðaforða sem hann ræður yfir
- lesa einfaldan texta, greina aðalatriði hans og geta tjáð sig um hann
- beygja algengar sagnir í töluðu máli

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- Tjá skoðun sína
- Miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum

### Námsefni

- Orðaspjöld, spil, samtalsspjöld, gagnvirkt efni, hlustunaræfingar, sjónvarpsþættir, kvikmyndir, skáldsaga (léttlestur), dagbók, ljósritað efni, netefni o.fl.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.-36.	18. ágúst - 9. september	Þema: <b>Líkami, heilsa og líðan.</b> (Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Einnig framburðaræfingar og upplestur) Auk þess unnið með sagnorð og notkun þeirra.	Ritunarverkefni Munnleg kynning Hlustunarverkefni
37.-40.	12. sept. - 7. október	Þema: <b>Íþróttir og hreyfing</b> (Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni, hlustun og sjónvarpsþætti. Einnig framburðaræfingar og upplestur) Auk þess unnið með sagnorð og notkun þeirra.	Munnlegt próf Hlustunarverkefni Skáldsaga
41.-44.	10. okt. - 4. nóvember	Þema: <b>Starfsgreinar, atvinnuumsóknir, skattar og réttindamál</b> (Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni, hlustun og sjónvarpsþætti. Einnig framburðaræfingar og upplestur) Auk þess unnið með sagnorð og notkun þeirra.	Ritunarverkefni Munnleg kynning Hlustunarverkefni Skáldsaga  Skrifa dagbók og lesa upp.
45.-45.	7. nóv.-6. des.	Þema: <b>Ferðalög, samgöngur, sumarfrí, staðir og landslag á Íslandi.</b> (Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni, hlustun og sjónvarpsþætti. Einnig framburðaræfingar og upplestur) Auk þess unnið með sagnorð og notkun þeirra.	Ritunarverkefni (ferðaáætlun) Munnleg kynning Hlustunarverkefni Lokapróf - munnlegt
49.-50.	7. - 20. Des.	Klára ef einhverjir eiga eftir að ljúka námsmati (munnl. Próf).	

### Sérreglur áfangans:

Þar sem áfanginn byggir á kennslu í talmáli er ætlast til að nemendur taki virkan þátt í samræðum í kennslustundum. Einnig ber að skila ritunarverkefnum og flytja munnlegar kynningar á þeim.

### Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlustun og áhorf	Hlustunarverkefni og verkefni úr sjónvarpsefni	20%
Skáldsaga	Skrifleg og munnleg verkefni	10%
Ritun og tjáning	Ritunarverkefni og munnlegur flutningur	20%
Virgni og þátttaka	Þátttaka í samræðum, samvinna og virgni í kennslustundum	20%
Próf	Þrjú próf á önninni, 10% hvert	30%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Í september 2022

Sigþrúður Harðardóttir